

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 21. júní 1988

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/151/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna hluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum

(88/410/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvéllum á hjólum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/297/EBE ⁽²⁾, einkum 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Með tilliti til fenginnar reynslu er nú unnt að gera ýmis ákvæði tilskipunar ráðsins 74/151/EBE ⁽³⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 82/890/EBE ⁽⁴⁾, nákvæmari og ítarlegri.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar er sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með landbúnaðardráttarvélar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á III., IV. og VI. viðauka við tilskipun 74/151/EBE í samræmi við viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá 1. október 1988 er aðildarríkjunum óheimilt að:

- neita að veita gerðum dráttarvéla EBE-gerðarviðurkenningu eða neita að gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE,

eða að veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða

- banna að dráttarvélar séu teknar í notkun;

ef eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti, þyngdarklossar og leyfilegt hljóðstig þessarar gerðar dráttarvélar eða dráttarvéla er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Frá 1. október 1989 er aðildarríkjunum:

- óheimilt að gefa lengur út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE vegna gerðar dráttarvélar, ef eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti, þyngdarklossar og leyfilegt hljóðstig hennar er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar,
- heimilt að neita að veita gerð dráttarvélar innlenda gerðarviðurkenningu ef eldsneytisgeymar, þyngdarklossar og leyfilegt hljóðstig hennar er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1988. Þeim ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. júní 1988.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

COCKFIELD

varaforseti.⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.⁽²⁾ Stj. tíð. EB nr. L 126, 20. 5. 1988, bls. 52.⁽³⁾ Stj. tíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 25.⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 45.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka við tilskipun 74/151/EBE:

Í stað „1,3 bör“ í 1. lið komi „0,3 bör“.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðauka við tilskipun 74/151/EBE:

Í þriðju línu falli niður orðin „vera úr málm“ svo og komman framan við þau.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á VI. viðauka við tilskipun 74/151/EBE:

— Í stað mynda 1 og 2 komi eftirfarandi myndir 1 og 2:

Hljóðnemi

Hljóðnemi

Mynd 1

Mynd 2

— Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 1.4.2.:

„1.4.2. Mælingar á hávaða frá kyrrstæðri dráttarvél (ekki krafist við gerðarviðurkenningu, en verður að skrá).“
